

# Ný íslensk beinbrotarannsókn Hjartaverndar undirstrikar mikilvægi verklags Landspítala að „grípa brotin“

**Kristín Siggeirsdóttir**

iðjuþjálfari, Hjartavernd og Janusi endurhæfingu

**Vilmundur Guðnason**


læknir, Hjartavernd og Háskóla Íslands

**Gunnar Sigurðsson**

læknir, Hjartavernd

Nýlega var í *Læknablaðinu* vakinn athygli á að nýta mætti betur árangursríka meðferð gegn beinbrotum hérlandis, sérstaklega meðal þeirra sem eru í aukinni áhættu næstu 10 árin.<sup>1</sup> Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að brotaáhætta tvöfaldast eftir fyrsta beinbrot aldraðra og er mest fyrsta árið.<sup>2</sup> Þetta áhættuhlutfall, tvöföldun, hefur verið notað í alþjóðlegum áhættureikniforritum, til dæmis í FRAX.<sup>3</sup>

Í þessu sambandi viljum við vekja athygli á nýrri vísindagreini „Characteristics of recurrent fractures“ sem birtist í *Osteoporosis International* 2018 og var unnin upp úr stórum gagnagrunni Hjartaverndar, sem undirstrikar þetta enn frekar.<sup>4</sup> Hjartaverndarhópurinn hefur þann kost að vera stærri og ná yfir lengra tímabil en flestar aðrar hóprannsóknir. Niðurstöður ofangreindrar rannsóknar benda til þess að beinbrotaáhætta hafi hingað til verið vanmetin verulega í kjölfar fjögurra þekktustu beinþynningarbrotanna: mjaðmarbrota, hryggsúlubrota, upphandleggsbrota og framhandleggsbrota. Í Hjartaverndarrannsókninni (alls 18.872 karlar og konur) var brotasaga allra karla og kvenna sem hlutu eitthvert áður nefndra fjögurra brota könnuð næstu 10 árin. Samanburður var síðan gerður við þann hóp sem ekki hafði slíka brotasögu. Að meðaltali hlutu 28-38% hópsins eitthvert slíkt brot aftur á næstu 10 árum. Mynd 1 úr birtri grein frá Hjartavernd í *Osteoporosis International* sýnir áhættuhlutfall kvenna næstu 10 árin við 70 ára aldur samanborið við þann hóp sem ekki hafði fyrir slíka brotasögu. Meðaláhætta var mest áberandi fyrsta árið eftir brot en var verulega mismunandi eftir því hvert fyrsta brotið var. Hæst var meðaláhætta 6,6 eftir hryggsúlubrot, 5,6 eftir upphand-



**Mynd 1.** Áhættuhlutfall á fjórum helstu beinþynningarbrotunum meðal kvenna við 70 ára aldur næstu 10 árin, eftir tegundum fyrra brots. Samanborið við hópinn sem ekki hafði sögu um fyrra brot. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Springer Science and Business Media.

leggsbrota, 4,6 eftir mjaðmarbrota og minnst var hún eftir framhandleggsbrota 3,3. Meðaláhættuhlutfallið var svipað meðal karla og kvenna. Niðurstöðurnar benda til þess að brotaáhætta sé því verulega meiri á fyrsta árinu eftir brot heldur en hún hefur áður verið talin. Almennt hefur brotaáhætta aðeins verið álitin tvöfaldast.

Þessar niðurstöður Hjartaverndar undirstrika mikilvægi inngríps sem allra fyrst eftir eitthvert slíkt beinbrot meðal aldraðra og styrkja því mjög hugmyndafræðina að baki „Fracture Liaison Service“ sem tekin hefur verið upp á Landspítala undir heitinu „Gríptu brotin“. Áður birtar niðurstöður Hjartaverndar hafa sýnt fram

á að um 40% allra beinbrota séu seinni brot<sup>5</sup> og því til mikils að vinna með því að „grípa brotin“.

## Heimildir

1. Gudbjörnsson B, Einarsson JP, Magnússon A, Einarsson ÓB. Lyfjamál. Tryggjum árangursríka beinverndarmeðferð. *Læknablaðið* 2018; 104: 470-1.
2. Kanis JA, Johnell O, De Laet C, Johansson H, Oden A, Delmas P, et al. A meta-analysis of previous fracture and subsequent fracture risk. *Bone* 2004; 35: 375-82.
3. sheffield.ac.uk/FRAX/tool.aspx?country=56 – nóvember 2018.
4. Kanis JA, Johansson H, Oden A, Harvey NC, Gudnason V, Sanders KM, et al. Characteristics of recurrent fractures. *Osteoporosis Int* 2018; 29: 1747-57.
5. Sigurðsson G, Siggeirsdóttir K, Jónsson BY, Mogensen B, Guðmundsson EF, Aspelund T, et al. Úr gögnum Hjartaverndar: Nokkur atriði um faraldsfræði og áhættumat beinbrota á Íslandi. *Læknablaðið* 2017; 103: 423-7.

## Breytingar á ritstjórn

Þær breytingar urðu á ritstjórn 1. desember að úr henni gekk Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir og í hennar stað kemur Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, hjartalæknar báðar tvær. Þórdís Jóna hefur setið í ritstjórn síðan í janúar 2011, og hefur lagt blaðinu lið í stóru og smáu, - ritstjórn og starfsmenn þakka henni gott samstarf. Ingibjörg er boðin velkomin til starfa.